

2. 75% af kostnaði þeirra sem fá enga vasapeninga.

Sækja þarf fyrirfram um endurgreiðslu vegna gervigóma fyrir þá sem falla undir ákvæði 1. tölul. 1. málsg. Ef ekki er sótt fyrirfram um endurgreiðslu fer um endurgreiðslu samkvæmt 2. tölul. 1. málsg.

3. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga greiða aldrei fyrir gullfyllingar, krónur og brýr fyrir lífeyrisþega.

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru að fengnum tillögum tryggingaráðs með stoð í 4. tölulið 2. málsg. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, sbr. 8. gr. laga nr. 104/1992 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

Í stað tveggja síðustu málslíða 2. málsgreinar 6. gr. reglugerðarinnar komi tveir nýir málslíðir er orðist svo: Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. málslíðar þessarar málsgreinar vegna báta, sem fengið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, í þeim tilvikum að bátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjóttjóns og tekinn af skipaskrá eða bátur sé settur á minjasafn, enda liggja fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að báturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Einungis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. málslíðar þessarar málsgreinar að veiðileyfið til línu- og handfæraveiða sé flutt á jafnstóran eða minni bát, sem áður hafði leyfi með aflahlutdeild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.